

1. fundur hreppsnefndar Árneshrepps haldinn miðvikudaginn 27. janúar 2016 kl. 15:00 á skrifstofu hreppsins í Norðurfirði.

Mætt voru Guðlaugur Ágústsson Steinstúni, Ingólfur Benediktsson Árnese 2, Hrefna Þorvaldsdóttir Árnese 2, Elísa Ösp Valgeirsdóttir Árnese 1 og Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík.

Dagskrá

1. Fundargerð heilbrigðisnefndar Vestfjarða lögð fram til kynningar.
 2. Jafnréttisáætlun, staðan. Var áður rætt á fundi 2.nóvember sl.
 3. Umsókn vegna auglýsingar um laust starf v.sumargistingar í Finnbogastaðask.
 4. Erindi frá Fjölmeningarsetri.
 5. Fundargerð kjörnefndar frá 19. janúar lögð fram til kynningar.
 6. Erindi BsVest til IRR lagt fram til kynningar, einnig lagt fram til kynningarbréf frá BsVest varðandi viðbótarframlög sveitarfélaganna.
 7. 2 bréf frá Jöfnunarsjóði, v. skipulagsbreytinga og v. uppgjors til sveitarfél. Lögð fram til kynningar
 8. Bréf frá Umhverfis- og auðlindaráðuneyti varðandi gjalddöku í höfnum.
 9. Tilboð vegna danskennslu.
 10. Ýmislegt varðandi hafnarmál, íbúðaleigu, námskeið og fleira.
 11. Erindi frá Samb.ísl.sveitarfélaga vegna vinnu við samræmda lóðaafmörkun, lagt fram til kynningar.
-
1. Fundargerð heilbrigðisnefndar Vestfjarða lögð fram til kynningar.
 2. Jafnréttisáætlun lögð fram til kynningar sem gildir út árið 2016.
 3. Einn umsækjandi var um starf við sumargistingu í Finnbogastaðaskóla, Jóhann Örn Finnsson. Ákveðið var að ráða hann í starfið . Einnig var ákveðið að ráða hann í málingavinnu sem til fellur.
 4. Erindi frá fjölmeningarsetri um móttökuáætlanir vegna innflytjenda tekið fyrir. Ekki stendur til að taka á móti flóttamönnum í Árneshreppi. Haft verður samband við umsjónarmann verkefnissins vegna málsins.
 5. Fundargerð kjörnefndar frá 19. janúar lögð fram til kynningar.
 6. Erindi BsVest til IRR lagt fram til kynningar, einnig lagt fram til kynningarbréf frá BsVest varðandi viðbótarframlög sveitarfélaganna. Hlutur Árneshrepps er 97.719 kr. vegna seinni hluta ársins 2015.
 7. Tvö bréf frá Jöfnunarsjóði, vegna skipulagsbreytinga og vegna uppgjors til sveitarfélaga lögð fram til kynningar.
 8. Bréf frá Umhverfis- og auðlindaráðuneyti varðandi gjalddöku í höfnum lagt fram til kynningar.
 9. Tilboð vegna danskennslu frá Jóni Pétri í mars. Tilboðið hljóðar upp á 180.000. Tilboði var tekið og mun skólastjóri vera í sambandi við Jón Pétur.
 10. Umræða um hafnarmálin, íbúðaleigu og námskeið.

10.1.Samþykkt var að borga dagpeninga til Elínar Öglu Briem og Jóhanns Guðmundssonar vegna námskeiðs til að öðlast vigtarréttindi sem þau sóttu í Reykjavík.

10.2.Hreppsnefnd mun andmæla því að taka á sig aukinn kostnað vegna rangra útreikninga Vegagerðarinnar við dýpkun í Norðurfjarðarhöfn.

115.

10.3.Samþykkt var að fella var niður leigu á íbúð Elínar Öglu nóvember-febrúar að báðum mánuðum meðtöldum vegna rasks og óþæginda við að skipta íbúðinni í tvær.

11. Erindi frá Sambandi íslenskrar sveitarfélaga vegna vinnu við samræmda lóðaafmörkun lagt fram til kynningar.

12. Bréf frá Umhverfis og auðlindaráðuneytinu vegna breytinga á byggingareglugerð lagt fram til kynningar.

13. Fulltrúi Árneshrepps í samráðsvettvangi Fjórðungssambands Vestfjarða var tilnefndur Eva Sigurbjörnsdóttir sem aðalmaður og Ingólfur Benediktsson sem varamaður.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 17:00